



## Framkvæmd Síamótsins 2020, upplýsingar til þátttökuliða.

### 1. Síamót Breiðabliks

Breiðablik hefur staðið fyrir knattspyrnumóti yngri stúlkna undanfarin rúm 35 ár og hefur mótið skapað sér algera sérstöðu í hugum yngri iðkenda enda margar af okkar bestu knattspyrnukonum og fyrirmyndum stigið þar sín fyrstu skref.

### 2. Hækkað viðbúnaðarstig vegna Covid

Mótsstjórn Síamótsins hefur farið yfir alla ferla og hækkað viðbúnaðarstig mótsins vegna þeirra smita sem hafa komið upp í samfélaginu að undanfögnu. Grundvallar markmið Síamótsins er að gera þetta að sem bestri upplifun fyrir stelpurnar og þær geti spilað sína leiki áhyggjulaust.

Eftirfarandi atriði tengjast auknum viðbúnaði en í raun má segja að verið sé að spila á 3 minni útgáfum af Síamótinu með þessu skipulagi:

- 5. flokkur verður alfarið í Fagralundi og gista aðkomulið í MK.
- Mötuneyti í Smáranum verður stækkað, matartímar verða lengdir og hópum dreift yfir lengri tíma.
- Mótssvæði í Smáranum verður skipt með girðingu sem nær á milli Fífunnar og Kópavogsvallar til að skilja alveg að 6. og 7. flokks vellina.
- Aðgengi að mótssvæði 7. flokks verður í gegnum inngang við Sporthúsið og verður merkt sérstaklega. Bílastæði við Smárahvammsvöll og fyrir framan Sporthúsið. Salerni og veitingasala verður í stúkuni.
- Aðgengi að mótssvæði 6. flokks verður frá malarstæðum sunnan við Fífuna og fyrir framan Smáran. Vakt verður við girðingu og einungis þeim hleypt inn sem eiga erindi á 6. flokks svæðið. Veitingasala verður í tjöldum við vellina en salerni verða í Smáranum og við bílastæði sunnan við Fífuna.
- Foreldrar sem koma á opunarhátíð skipta sér í 3 aðskilin hólf. 5. flokks foreldrar í gömlu stúkuna en 6. og 7. flokks foreldrar í sitthvorn helming af nýju stúku. Aðgengi að stúkunum verður aðskilið.
- Liðin keppa í ákveðnum hollum þannig að þau spila annað hvort flesta leiki fyrir hádegi eða eftir hádegi og foreldrar fylgi þá sínu liði af svæðinu á meðan það er ekki að keppa.
- Sprittstandar og sótthreinsibúnaður verður víða um svæðin auk þess sem salerni verða þrífín oft yfir daginn.
- Foreldrar eru hvattir til að fylgja leiðbeiningum Almannavarna um sóttvarnir og fjarlægð við næsta mann og dvelja ekki lengur en þarf á svæðinu.
- Hugsum um hagsmuni heildarinnar og ánægju barnanna enda er mótið fyrir þau. Takmörkum fjölda fullorðinna sem fylgja börnunum og lofum þeim að njóta Síamótsins.



### 3. Framkvæmd mótsins

Stærstu atriði yfir mótshelgina eru eftirfarandi og er gert ráð fyrir að keyra þau með svipuðum hætti og fyrri ár en þó með áherslu á að mæta kröfum Almannaþingarinnar um ákveðin atriði. **Eitt af lykilatriðum í vel heppnaðri útfærslu í ár felst í að hverju verður liði úthlutað tveimur liðsstjóraspjöldum og einu þjálfaraspjaldi þannig að hægt verði að aðgreina þá sem fylgja liðinu hverju sinni.** Þessi auðkenni geta færst á milli aðila innan félaga eftir því sem þarf. Nokkur lykilatriði til að hafa í huga eru:

Tjaldsvæði opna á miðvikudagskvöld og skólar eftir hádegi á fimmtudegi.

Afhending mótsgjafa verður því kl. 17 á fimmtudeginum í Smáranum. Mótsgjafir eru einungis afhentar heilu félagi eða einum flokki í hverju félagi en ekki hverju liði fyrir sig. Mælst er til þess að einungis tveir sæki mótsgjafir.

Á fimmtudagskvöldið verður mótssetning með skrudgöngu frá Smárahvammsvelli inn á Kópavogsvöll með skemmtiatriðum. Gert er ráð fyrir að í skrudgönguna mæti eingöngu 2 liðsstjórar á hvert lið auk þjálfara. Foreldrar fari beint á Kópavogsvöll og dreifi sér í þau hólf sem þar verða í boði í nýju og gömlu stúku.

Á laugardagskvöldi verður kvöldvaka og grillveisla við Fífuna fyrir 6. og 7. en 5. flokki verður boðið í grillveislu við Fagralund og síðan í bíó á myndina My Spy í Smárabíói kl 19.

Aukin aðgreining verður á milli flokka og mun 7. flokkur eingöngu spila á Kópavogsvelli og Smárahvammsvelli, 6. flokkur verður á Blika- og Fífuvöllum og 5. flokkur verður alfarið í Fagralundi.

Spilað verður frá föstudagsmorgni fram yfir á miðjan dag á sunnudegi og verðlaun veitt um leið og úrslitaleikir klárast. Úrslitaleikir Símamótsins þ.e. lokaleikurinn í 5. flokki fer fram á grasvelli í Fagralundi, úrslitaleikur 7. flokks á Kópavogsvelli og 6. flokks á Blikavöllum.

### 4. Gisting

Ákveðið hefur verið að gisting verði einungis í Smátaskóla eins og fyrri ár fyrir 6. og 7. flokk en 5. flokkur gistir í Menntaskólanum í Kópavogi sem er í göngufæri við Fagralund en einnig verða rútuferðir frá skólum og á keppnisstað (sjá frekari upplýsingar neðar). Lögð verður mikil áhersla á þrif á öllum snertiflötum og passa uppá að fjöldatakmörkanir séu virtar þar sem slíkt á við. Þeir sem mega koma á gististaði hverju sinni með liðum eru liðsstjórar/gististjórar/þjálfarar sem auðkenndir eru með sérstökum spjöldum. Foreldrar sem ekki eru með þessi spjöld geta ekki farið inn í skólana.

### 5. Gönguleið úr MK í Fagralund

Þægileg gönguleið er úr MK í Fagralund og eru allir hvattir til að mynda stemmingu og ganga með sínu liði í Fagralund.



## 6. Morgunmat / Kvöldmat

Ekki verður boðið upp á morgunmat í skóla að þessu sinni heldur einungis morgunmat á keppnisstað. Þannig þurfa liðin í 6. og 7. flokk þurfa að koma sér tímanlega í Smáran en 5. flokkur fær morgunmat í Fagralundi. Kvöldmat verður eingöngu í Smáranum. Nægt pláss er í íþróttahúsinu í Smáranum þannig að hægt verður að dreifa vel úr liðum og halda góðum aðskilnaði á milli borða. Einungis þeir sem eru með liðstjóra/þjálfarasþjöld geta fylgt liðum í morgunmat og kvöldmat.

## 7. Rútuferðir

Sett verður upp akstursáætlun og hún kynnt á miðlum Síamótsins. Gætt verður að því að hafa nægt framboð af ferðum í kringum matmálstíma fyrir MK.

## 8. Kvöldvaka

Á laugardagskvöldinu verður grillveisla og kvöldskemmtun í Fifunni fyrir 6. og 7. flokk. Hér er aftur miðað við að liðunum fylgi eingöngu 2 liðsstjórar og þjálfarar eða staðgengill þjálfara. Fyrir 5. flokk verður grillveisla í Fagralundi og bíósýning í Smárabíó kl. 19. Rútuferðir verða bæði úr Fagralundi og MK kl 18:30 og til baka í MK að sýningu lokinni fyrir þau lið sem gista.

## 9. Tjaldsvæði

Boðið verður upp á tjaldsvæði á Kópavogsbakka eins og fyrri ár.

## 10. Hótel á mótssvæði

201 Hótel í Hlíðarsmára bjóða sérstök kjör til aðstandenda þáttakanda á Síamótinu en bóka þarf beint hjá [viktor@201hotel.is](mailto:viktor@201hotel.is) sími 692-9477. Tilboðið er 9.000 krónur nóttin 2 manna herbergi með morgunmat inniföldum og 12.000 krónur fyrir þriggja manna herbergi með morgunmat inniföldum.



## 11. Framkvæmd leikja

Áhorfendasvæði við knattspyrnuvöllina verða hólfuð niður eftir þeim kröfum sem gerðar verða á þeim tíma þegar mótið fer fram. Foreldrar geta komið og horft á barnið sitt keppa, eftir leik verða þeir að yfirgefa svæðið til að hleypa foreldrum barna í næsta leik að.

## 12. Veitingasala

Fjáröflunarnefnd 4. flokks rekur veitingasölu á Síamótinu líkt og fyrri ár. Veitingasala verður á við tvö hólf á völlum 6. flokks og í stúkuni fyrir 7. flokk og einnig verður bætt við veitingasölu í Fagralundi.

## 13. Útsending frá leikjum

Sem fyrri ár mun Sjónvarp Símans senda út frá leikjum og er stefnt að því að vera með útsendingu frá að minnsta kosti einum velli hjá öllum flokkum þannig að sem flest lið komist í útsendingu. Auðkennt verður í leikjaplani hvaða leikir verða í útsendingu hverju sinni.

## 14. Skynsemin ræður !

Það er í okkar höndum að gera Síamótið 2020 að frábærri upplifun fyrir stelpurnar og því er mikilvægt að allir virði grundvallar atriði í sóttvörnum og umgengisreglum á meðan mótinu stendur

- Þvoum okkur um hendur og sprittum
- Munum 2 metra fjarlægð
- Sóttthreinsum sameiginlega snertifleti
- Verndum viðkvæma hópa
- Hringjum í heilsugæsluna ef við fáum einkenni
- Miðlum traustum upplýsingum
- Verum skilningsrík, tillitssöm, kurteis og styðjum hvert annað

**Við erum öll almannavarnir – og verðum það áfram !**


## 15. Myndir af fyrirhuguðum mótssvæðum

Þetta eru drög miðað við núverandi skráningu og gerður er fyrirvari um breytingu ef skráning verður mikil á mótið.

### a) Smárasvæði

6. flokkur mun keppa á grænmerkta svæðinu. Búin verða til hólf fyrir velli 13 til 20 sem hafa aðgang að sér salerni og veitingasölu og velli 21 til 28 hafa sömuleiðis sér aðgang að salernum og veitingaaðstöðu. Svæðið verður afgirt með stálgirðingum til að hindra flæði á milli hólfna. Bílastæði fyrir þann hóp eru á malarstæðum sunnan við Fífuna.

Velli 1-8 eru á Kópavogsvelli fyrir 7.flokk kvenna og velli 9-12 í á Smárahvammsvelli og eru auðkenndir með ljósbláum lit hér að neðan. Gengið verður inn á svæðið frá bílastæðunum við Sporthúsið. Svæðið verður síðan alveg aðskilið frá mótssvæði 6. flokks með girðingum.



## b) Fagrilundur

Vellir 28-36 eru í Fagralundi fyrir 5. flokk kvenna. Mótsstjórn Fagralundar verður í Íþróttahúsinu í Fagralundi og þar verður einnig morgunmatar fyrir þau lið sem gista í MK.

